

## Jóna Jónsdóttir

Kt. 010178-9999

Stóragata 1, 108 Reykjavík

555-5555/ 898-0000

netfang@simnet.is

Mynd

## Menntun

---

### **2001-2004 Háskólinn í Reykjavík.**

BSc próf í viðskiptafræði. Lokaritgerð: *Fjölskylduvæn fyrirtækjastefna*. Verkefnið var rannsóknarverkefni og unnið á tímabilinu janúar '04 – maí '04.

### **1995-1998 Menntaskólinn við Hamrahlíð.**

Stúdentspróf af nýmálabraut með aðaláherslu á spænsku og þýsku.

## Námskeið

---

- *Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað* á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands í janúar 2012.
- *Excel námskeið* á vegum Nýja Tölvu- og viðskiptaskólans, mars 2008

## Starfsreynsla

---

### **2010 - 2012 Stóri fjárfestingarbankinn ehf.**

#### *Sérfræðingur*

Hef starfað í viðskiptaveri bankans og innan sérstaks afstemmingarteymis. Starf mitt hefur aðallega falist í afstemmingum á bankareikningnum, hlutabréfum og skuldabréfum. Í starfinu öðlaðist ég góða þekkingu á þeim fjármálaafurðum sem bankinn meðhöndlar.

### **2007-2010 Fasteignafélagið hf.**

#### *Fjárstýring/Gjaldkeri á fjármálasviði*

Ég starfaði sem gjaldkeri á fjármálasviði. Starfið fólst m.a. í greiðslu á öllum reikningum, lánum, veðköllum og launum fyrirtækisins ásamt öðrum greiðslum sem falla undir fjármálasvið. Einnig hef ég séð um afstemmingar og samskipti við lánardrottna, daglega yfirferð bankareikninga fyrirtækisins og skráningar hreyfinga, yfirferð samninga, hlutabréfa og lána í kerfi, vikulega yfirferð gjaldeyrisjöfnuða ásamt öðrum verkefnum.

### **2006-2007 Endurskoðendur hf.**

#### *Áhættuþjónusta*

Starf mitt hjá Endurskoðendum hf. hefur verið mjög fjölbreytt og hefur það aðallega falist í gerð viðskiptaferla, innri endurskoðun fyrir lífeyrissjóði og minni fjármálafyrirtæki og einnig hef ég séð um endurskoðun afurðalána.

## **2001-2006 Domus ehf.**

### *Móttökuritari*

Starfið fólst í allri almennri afgreiðslu, símsvörun, taka niður tímapantanir, skjalavinnslu, uppgjöri og mörgu fleira. Starfið fól í sér mikil samskipti við viðskiptavinum, reyndi mikið á þjónustulund, snögg vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum. Ég sinntu þessu starfi bæði í fullu starfi og á sumrin.

## **Tungumálakunnátta**

---

Ég tala og skrifa ensku mjög vel, dönsku/norsku ágætlega sem og spænsku. Ég var í Noregi sumarið 1997 við störf á hóteli og talaði þar aðallega norsku. Einnig var ég á Spáni sumrin 1995, 1996 og 1998 í spænskunámi.

## **Tölvukunnátta**

---

Hef mjög góða kunnáttu í Word, Excel og PowerPoint. Í störfum mínum hef ég notað Navision, Axapta, Libra, Imagine, Twin, SAP og TOK bókhaldskerfi.

## **Áhugamál**

---

Mín helstu áhugamál eru íþróttir, líkamsrækt, tónlist og lestur góðra bóka. Ég hef einnig mikinn áhuga á ferðalögum og reyni að ferðast bæði erlendis og hérlendis á ári hverju.

## **Félagsstörf**

---

Ég sat í stjórn starfsmannafélags Endurskoðenda, árið 2007.

Ég var í stjórn Leikskólans Barnaborg frá 2004-2006 og hef mikinn áhuga á menntunarmálum.

## **Umsagnaraðilar**

---

Anna Aradóttir s: 899-9999

Stóri fjárfestingarbankinn - Framkvæmdastjóri

Erna Erlendsdóttir s: 555-8888

Domus Medica - Skrifstofustjóri